

Skjal 2a/2019 Þingsköp þemappingis 2019

Ræðutími þingfulltrúa og fulltrúa ríkisstjórnanna

Forsætisnefndin leggur til

að þingmönnum Norðurlandaráðs verði veittar 3 mínútur til að kynna tillögur og nefndarálit. Að öðru leyti takmarkist ræðutími í umræðunum við 2 mínútur;

að forsetinn sjái til þess að talsmönnum flokkahópa verði – sem framast er kostur – veittur ræðutími í samræmi við stærð hópanna;

að fulltrúar ríkisstjórna hafi 5 mínútur til að gera grein fyrir eða kynna tillögur. Að öðru leyti takmarkist ræðutími í umræðunum við 2 mínútur.

Ræðutími áheyrnarfulltrúa

Forsætisnefndin leggur til

að fulltrúi þingmannaráðs Sama hafi rétt til að taka til máls undir dagskrárliðnum „Umræða um málefni líðandi stundar“. Ræðutími fulltrúa þingmannaráðs Sama er 2 mínútur.

Ræðutími gesta

Forsætisnefndin leggur til

að gestkomandi þingmenn hafi rétt til að taka til máls undir dagskrárliðnum „Alþjóðlegt samstarf“. Ræðutími gesta er 2 mínútur;

að fulltrúi Norðurlandaráðs æskunnar hafi rétt til að taka til máls undir dagskrárliðnum „Umræða um málefni líðandi stundar“. Ræðutími fulltrúa Norðurlandaráðs æskunnar er 2 mínútur.

Andsvör

Forsætisnefndin leggur til

að þingfulltrúar og fulltrúar ríkisstjórnanna fái að veita andsvör við öllum ræðum;

að fulltrúi, sem óskar eftir að veita andsvar við ræðu, gefi merki þar um meðan á ræðunni stendur eða þegar henni lýkur;

að sá sem andsvarinu er beint til fái tækifæri til að svara þegar í stað;

að 1 mínútu ræðutími gildi um andsvör;

að 1 mínútu ræðutími gildi um svör við andsvörum;

að forsetinn geti veitt sama þingfulltrúa eða fulltrúa ríkisstjórnar allt að tvö tækifæri til andsvara í hverri umferð orðaskipta.



Heimild til að ljúka umræðu

Forsætisnefndin leggur til

*að allir tilkynntir dagskrárliðir fái þann umfjöllunartíma sem áætlaður hefur verið;
að forseta sé heimilt að ljúka umræðu þegar áætlaður tími er útrunninn.*

Sætaskipan í salnum

Forsætisnefndin leggur til

að þingmenn Norðurlandaráðs sitji með flokkahópum sínum. Vinstri flokkarnir sitji ef kostur er vinstra megin í salnum og hægri flokkarnir hægra megin, séð frá ræðustóli.

Atkvæðagreiðsla

Forsætisnefndin leggur til

að atkvæðagreiðsla verði rafræn ef kostur er. Sé slíkur búnaður ekki fyrir hendi verði notast við atkvæðaseðla og skriffæri.

Fundarritun

Forsætisnefndin leggur til

að fundargerð frá þinginu verði ákvarðanafundargerð, samantekt og hljóðupptaka.

Forsætisnefndin vísar að öðru leyti til starfsreglna Norðurlandaráðs.